

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 eru:

- 1) Heildarfjárfesting er aukin og áætlast 26½% af þjóðarframleiðslu.
- 2) Opinberar framkvæmdir aukast að magni til um 21.3%.
- 3) Samdráttur verður í heild á framkvæmdum á vegum atvinnuvega og einkaaðila.
- 4) Innlendar lántökur til opinberra aðila þrefaldast í krónutölu miðað við bráðabirgðatölur 1979.
- 5) Erlendar lántökur aukast um 39.2 milljarða króna eða 7% af áætluðum útflutningstekjum þrátt fyrir hagræðingu á tölum vegna frestunar á lántöku og greiðslu lána vegna ýmissa framkvæmda til 1981.
- 6) Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári skv. bréfi Seðlabankans til fjárhags- og viðskiptanefnda 18% af áætluðum útflutningstekjum. Þetta hlutfall var 13.3% 1978.

Heildarfjárfesting skv. þessum lánsfjárlögum breytist þannig frá fyrra ári að magni til:

	Magnbreyting fjárfestingar %
1. Atvinnuvegir	÷ 3.6%
2. Íbúðarhús	÷ 3.1%
3. Opinberar framkvæmdir	+ 21.3%
Heildarbreyting	+ 4.7%

Lántökur innlendra og erlendra lána til opinberra framkvæmda eru áformaðar sem hér segir í samanburði við bráðabirgðatölur frá árinu 1979 (sjá töflu 6 á bls. 36 í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980):

	1979 Bráðab.tölur m.kr.	1980 Lánsfjárlög m.kr.	Hækkun %
innlend lántaka	8 059	24 038	198.3%
erlendar lántökur	30 354	49 795	64.0%
Samtals	38 413	73 833	92.2%
þar af til framkvæmda skv. A- og B- hluta ríkisreiknings	22 500	35 385	57.3%

Þótt beitt sé ýmsum bókhaldsbrögðum í þessari lánsfjáráætlun til „frestunar“ á lántökum hækka erlendar lántökur mjög. Í ljósi þeirrar þróunar, sem er á lánskjörum á erlendum fjármagnsmörkuðum, er rík ástæða til að gjalda varhug við hvert stefnir á þessu sviði.

Löng erlend lán námu 335 milljörðum króna í árslok 1979. Greiðslubyrði erlendra lána hefur verið sem hér segir sem hlutfall af útflutningstekjum:

1976	13.8%
1977	13.7%
1978	13.3%
1979	14.2% áætlað
1980	16—17% áætlað
1981	18% áætlun Seðlabankans

Hér er augljóslega um varhugaverða þróun að ræða. Útfrutningstekjur eru hér áætlaðar miðað við metafla þann sem nú er og hæsta verð á útflutningsmörkuðum.

Á það er einnig að líta að erlendar lántökur hafa yfirleitt farið fram úr áætlun lánsfjárlaga. Á árinu 1978 fóru þær 13.1 milljarð fram úr áætlun og 1979 14.8 milljarða. Í þessum lánsfjárlögum er greinilega ýmsum vanda skotið á frest sem verða mun til þess að auka erlendar lántökur fram yfir lánsfjárlög, ef að líkum lætur og ekki verða skornar niður áformaðar framkvæmdir á einhverjum sviðum.

Stefna þessa frv. til lánsfjárlaga er skýr. Ríkisumsvif eru stóraukin á kostnað heimila og atvinnuvega. Lánsfjármagnið er tekið úr atvinnulífínu og því beint til opinberra viðfangsefna. Þrátt fyrir gífurlega aukna skattheimtu eru tekin lán til ýmissa framkvæmda sem áður voru fjármagnaðar með skatttekjum, t. d. vegamála. Þannig er eyðslustefnan í ríkisfjármálum allsráðandi og hún látin stjórna skattheimtu og lántökum ríkisins.

Eyðslufjárlög ríkisstjórnarinnar, sem afgreidd voru fyrir páska, og þenslulánsfjárlög þau, sem nú eru til afgreiðslu um hvítasunnu, magna þá gífurlegu verðbólgu sem ríkir í landinu. Í stað aðhalds á þessum sviðum ríkisfjármála og peningamála, skattalækkunar og takmarkaðrar lántöku á tímum, sem þjóðartekjur rýrna fremur en hitt, fer ríkisstjórnin þveröfuga leið. Sú þenslu- og eyðslustefna leiðir til vaxandi viðskiptahalla við útlönd, svo sem spáð er af Þjóðhagsstofnun, og stóraukinnar verðbólgu.

Alþingi, 28. maí 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ey. Kon. Jónsson.